

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands,  
við 10 ára afmælishátíð ritvers Menntavísindasviðs.**

**Haldið í bókasafninu í Stakkahlíð**

**mánudaginn 2. desember 2019 kl. 15.00**

Góðir gestir. Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð við þennan viðburð sem haldinn er í tilefni af því að 10 ár eru liðin frá því að að ritver var fyrst sett á laggirnar á Menntavísindasviði.

Hugmyndin að baki ritveri fyrir háskólanema (en einnig kennara) á sér langa sögu sem sumir vilja rekja allt aftur til hinnar heimspekilegu samræðuhefðar grísku fornaldarinnar. Ritver í þeirri mynd sem við þekkjum í dag voru þó fyrst sett á laggirnar í bandarískum háskólum upp úr miðri síðustu öld. Segja má að frá upphafi hafi megintilgangur ritveranna einkum verið sá að leiðbeina nemendum um vísindaleg vinnubrögð og styðja þá og þjálf í ritun fræðilegs texta.

Fyrsta ritverið hér á landi var sett á laggirnar við Menntavísindasvið í lok árs 2009. Starfsemin fór hægt af stað í fyrstu, en óhætt er að segja að mjór sé mikils vísir því með hverju ári sem leið óx ritverinu fiskur um hrygg. Mikilvægt skref á þeirri vegferð var að vinna bug á þeim misskilningi að ritver væri eins konar viðgerðarverkstæði sem fengist aðallega við að leiðrétta og laga lokaverkefni nemenda áður en þeim yrði skilað. Frá upphafi var lögð áhersla á að hlutverk ritvers væri fyrst og fremst að veita nemendum hjálp til sjálfshjálpar, þ.e. að virkja þá til að auka með skipulegum hætti færni sína á eigin forsendum. Miklu máli skipti í þessu sambandi að snemma tókst að fá jafningjaráðgjafa til starfa við ritver Menntavísindasviðs og allar götur síðan hefur það einkum verið mannað

nemendum sem leiðbeina öðrum nemendum, ekki aðeins fyrir próf heldur allt námsárið og á öllum stigum náms.

Eins og áður sagði leið ekki að löngu áður en þessi frábæra hugmynd sló í gegn við Háskóla Íslands og á nokkrum misserum fóru viðtalsfundir í ritveri Menntavísindasviðs upp undir 1.000 á ári.

Árið 2012 var svo enn stigið stórt skref þegar opnaður var leiðbeiningavefur um meðferð heimilda skv. alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og aðeins fjórum árum síðar, árið 2016, voru heimsóknir á vefinn orðnar hvorki meira né minna en 100.000 á ári. Notendur vefsins voru ekki aðeins nemendur Menntavísindasviðs heldur komu þeir víða að úr Háskóla Íslands og raunar í vaxandi mæli einnig frá öðrum innlendum háskólum. Þegar hér var komið sögu var ritver Menntavísindasviðs orðin viðurkennd og óumdeild miðstöð ritfærni í íslenskum háskólum.

Árið 2014 opnaði svo annað ritver við Háskóla Íslands og var það staðsett á Hugvísindasviði. Hefur það einnig áunnið sér traust og notið vaxandi hylli og hafa bæði ritverin átt náið og gott samstarf frá upphafi. Einnig hefur eftirspurn nemenda annarra fræðasviða eftir þjónustu ritveranna farið vaxandi. Það er því bæði rökrétt og tímabært skref að ákveðið hefur verið að sameina ritverin undir heitinu Ritver Háskóla Íslands og þjónusta þar nemendur alls Háskólans frá og með komandi áramótum. Með sameinuðu ritveri verður þess vonandi einnig ekki langt að bíða að unnt verði að bjóða kennurum stuðning við fræðileg skrif, en þessum þætti hefur lítt verið unnt að sinna fram að þessu. Hið sameinaða ritver hefur fengið aðstöðu í Þjóðarbókhöðunni sem er bæði hentugt húsnaði og miðsvæðis, en mikilvæg starfsstöð verður áfram hér í Stakkahlíð.

Góðir gestir. Ég get ekki lokið þessu stutta ávarpi án þess að geta sérstaklega frumkvöðlanna og eldhuganna sem við eigum það öðrum fremur að þakka að ritver Háskóla Íslands hafa orðið að veruleika. Ég held að ekki sé hallað á neinn þó ég nefni sérstaklega Baldur Sigurðsson, dósent við Deild kennslu og menntunafræði, en Hafþór Guðjónsson, nú prófessor emeritus, var náinn samverkamaður. Á Hugvísindasviði ber sérstaklega að geta Jóhannesar Gísla Jónssonar, prófessors við Íslensku- og menningardeild og samstarfsfólks hans á Hugvísindasviði. Síðast en ekki síst ber að þakka þeim stóra hópi nemenda sem hefur tekið virkan þátt í starfi ritveranna. Ég vil ljúka máli mínu með því að óska ritveri Menntavísindasviðs til hamingju með 10 ára afmælið og lýsa þeirri sannfæringu minni að framtíð sameinaðs ritvers Háskóla Íslands í húsakynnum Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns sé björt. Gangi ykkur vel.

Takk fyrir.